
55. Katrín Jakobsdóttir (Svar på replík)

Takk fyrir spurninguna. Fyrst aðeins um umhverfismálin. Við höfum mikið verið að tala um öryggi og varnarmál hér í dag og kannski eru umhverfismálin stærsta öryggis- og varnarmálið sem við þurfum að horfast í augu við saman. Ef einhvers staðar í heiminum er aðstaða til að nálgast öryggismál frá breiðu sjónarhorni þá er það á Norðurlöndum og þar mun loftslagsváin vera ein stærsta öryggisógn okkar allra og ekki síst okkar sem búum hér í kringum norðurheimskautið þar sem áhrifin af loftslagsbreytingum koma tvöfalt hraðar fram en sunnar á jarðarkringlunni. Þetta er risastórt mál sem við eigum að vera að ræða í öllum okkar störfum. Þó að íslenska ríkisstjórnin hafi núna kynnt sína fyrstu aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem er góð og miðar að því að við ætlum að standa við skuldbindingar okkar í Parísarsáttmálanum held ég að við munum þurfa að endurskoða hana mjög reglulega því að við erum stöðugt að fá vísbendingar um að ógnin er jafnvel meiri en við höfum talið hingað til.

Með jöfnuð og jafnréttismál þá er það þannig að ég hef lagt til að kynjajafnréttismál verði færð yfir í forsætisráðuneytið á Íslandi um næstu áramót af því að við viljum að kynjajafnrétti verði hluti af allri okkar stefnumótun í öllum okkar málaflokkum. Ísland hefur staðið sig vel í þessum málaflokki en við teljum að það sé samt hægt að gera miklu betur og okkar forgangsmál er sérstaklega að vinna gegn kynbundnu áreiti og kynferðisáreiti og kynbundnu ofbeldi. Þá skiptir máli að öll ráðuneyti vinni saman. En jöfnuðurinn sem slíkur er auðvitað það sem við ræðum hvað mest í íslenskum stjórnámálum núna. Þó að tekjujöfnuður sé hlutfallslega mikill á Íslandi ræðum við það hvað við viljum sem samfélag, hversu mikinn jöfnuð viljum við hafa. Hvað finnst okkur eðlilegur jöfnuður þegar kemur að eignastöðu fólks þar sem ójöfnuðurinn brýst frekar fram en í tekjum og

hvaða leiðir höfum við til að stilla það af? Það er mín trú að annars vegar réttlátt skattkerfi og hins vegar öflugt velferðarsamfélag sé það sem skiptir mestu máli til að tryggja öllum í samfélaginu jöfn tækifæri. Þetta er stóra spurningin núna, t.a.m. núna í íslenskri vinnumarkaðspólítík.

Skandinavisk oversættelse:

Tack för frågan. Först några ord om miljöfrågorna. Det har talats mycket om säkerhet och försvarsfrågor här i dag och kanske är miljön den största säkerhets- och försvarsfrågan som vi måste ta itu med tillsammans. Om man någonstans i världen kan ha en bred syn på säkerhetsfrågor så är det här i Norden, och de globala klimatriskerna är ett av de största hoten som vi alla står inför, inte minst vi som bor här i närheten av Arktis där klimatförändringarna sker dubbelt så fort som i mer sydliga delar av klotet. Det handlar om en gigantisk fråga som vi bör diskutera i samband med allt arbete vi håller på med. Även om den isländska regeringen nu har presenterat sin första klimatpolitiska handlingsplan, som för övrigt är bra och som har som mål att uppfylla våra åtaganden enligt Parisavtalet, tror jag att det kommer att bli nödvändigt att revidera den planen mycket regelbundet då det hela tiden kommer bevis på att risken är ännu större än vi hittills har trott.

När det gäller jämlikhet och jämställdhet så har jag lagt fram ett förslag om att jämställdhetsfrågor i Island ska flyttas till statsministerämbetet i början av nästa år eftersom vi vill integrera jämställdhetsfrågor i allt politiskt arbete på alla områden. Island har jobbat bra med dessa frågor men vi tycker att det borde vara möjligt att göra ett ännu bättre arbete och vår prioritering är att speciellt motverka sexuella trakasserier och mobbning och sexuella övergrepp. Då är det viktigt med samarbete mellan alla departement. Men jämlikheten som sådan är förstås bland de frågor som står högst i den politiska debatten på Island just nu. Även om Island har relativt stor jämlikhet i fråga om inkomster så diskuteras det [vilken typ av samhälle vi vill leva i](#), hur stor jämlikheten ska vara. Hur stor jämlikhet bör vi sträva efter när det gäller individuella förmögenheter, där ojämlikheten blir större än i samband med inkomst, och vilka metoder finns tillgängliga för att uppnå det målet? Jag tror bestämt att ett rättvist skattesystem å den ena sidan och ett

starkt välfärdssystem å den andra är det som är viktigast för att säkra lika möjligheter för alla i samhället. Detta är den stora frågan just nu, t.ex. i den debatt som pågår om den isländska arbetsmarknadspolitiken.

Upplýsingar

Ræðunúmer

55

Gerð

Svar på replik

Notandi

[Katrín Jakobsdóttir](#)

Speaker role

Islands statsminister

Dagsetning

30.10.18 16:29